

Fundargerð ársfundar Retrieverdeildar 2019.

Haldinn 19. janúar 2020 í húsnæði HRFÍ, Síðumúla 15 klukkan 20:00.

Mæting: 13 manns

Heiðar Sveinsson hefur fundinn og leggur til fundarstjóra og ritara. Fundur samþykkir Guðna B. Guðnason sem fundarstjóra og Sigrúnu R. Guðlaugardóttir sem fundarritara.

Guðni fer yfir lögmati fundarins og vekur máls á því að við boðun fundar var hann kynntur á vefsíðu deildarinnar og facebooksíðu deildarinnar 23.janúar s.l.. Í reglum um ræktundardeildir er þess getið að boða þurfi til fundar með 7 daga fyrirvara á heimasíðu HRFÍ og facebooksíðu deildarinnar. Auglýsing á síðu HRFÍ fór inn 17.febrúar. Fundarmenn gerðu ekki athugasemd við að fundur yrði haldin þar sem hann hefði verið vel kynntur.

1. Farið yfir ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019.

Heiðar Sveinsson fer yfir skýrsluna í helstu atriðum. Skýrslan liggur fyrir á vefsíðu deildarinnar í heild sinni.

2. Kynning á rekstrarreikningum 2019, Heiðar Sveinsson kynnir.

Fundur samþykkir reikninga.

3. Kosning til stjórnar.

Tvö sæti eru laus til tveggja ára. Sigrún Guðlaugardóttir og Unnur Olga Ingvarsdóttir hafa lokið sínu kjörtímabili. Sigrún gefur ekki kost á sér áfram.

Óli Þór Árnason og Unnur Olga Ingvarsdóttir gefa kost á sér og eru sjálfkrafa kjörin.

Stjórn deildarinnar skipa:

Heiðar J. Sveinsson

Sunna Birna Helgadóttir

Gunnar Örn Arnarsson

Unnur Olga Ingvarsdóttir

Óli Þór Árnason

Við óskum nýrri stjórn til hamingju og þökkum fráfarandi stjórn vel unnin störf.

4. Val í nefndir:

Veiði og vinnunefnd:

- Þórhallur Viðar Atlason
- Vilhjálmur Kári Heiðdal
- Víðir Lárusson
- Ævar Valgeirsson
- Heiðar Sveinsson
- Vilhelm Jónsson
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir
- Svava Guðjónsdóttir

Básanefnd

Sýninganefnd og Skemmti – og göngunefnd

- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Sólrún Dröfn Helgadóttir
- Sunna Birna Helgadóttir
- Óli Þór Árnasson
- Þórdís Skúladóttir

Vefsíðunefnd

- Olgeir Gestsson
- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Sólrún Dröfn Helgadóttir

Þakkir til allra þeirra sem sinna og hafa sinnt sjálfboðastörfum fyrir deildina.

5. Önnur mál:

- Heiðar Sveinsson kynnir afmælisár deildarinnar en Retrieverdeild fagnar 40 ára afmæli árið 2020. Allir þátttakendur á viðburðum deildarinnar árið 2020 vinnu- og veiðiprófum og deildarsýningu fá afmælis æfingadummy afhent.
- Halldór Björnsson vekur máls á hinum ýmsu sjúkdómum sem verið er að skima fyrir erlendis og því að deildin skoði stöðuna hérlandis í þeim málum í samanburði.

-Lagt er til að ræktunarstjórn skoði þessi mál með mögulega dýralæknum og vísindanefnd.

-Lagt til að upplýsingar og útskýringar um þá sjúkdóma sem hægt er að skima fyrir verði settar inn á deildarsíðu.

- Margrét Pétursdóttir spyr um Sólheimakot og hvort það væri nýtt af deildinni og HRFÍ. Hvort áhugi væri fyrir því að halda kotinu og hvort komið hafi til tals að Retrieverdeild leggi einhverja fjármuni til kotsins.

-Heiðar Sveinsson svaraði að Sólheimakotið væri á forsvari HRFÍ og innan félagsins væri sér nefnd með utanumhald um kotið. Sólheimakot er eign Mosfellsbæjar en HRFÍ hefur það til umráða gegn viðhaldi á húsnæðinu og heldur Sólheimakotsnefnd HRFÍ utan um það og hefur m.a. safnað styrkjum til framkvæmda. Sólheimakot er mikilvægt deildinni en þar hýsir deildin m.a. sinn búnað og frystikistur undir bráð. Hægt er að bóka Sólheimakot hjá félaginu.

Guðni B. Guðnason slítur fundi